

Kópavogur, 15. janúar 2020.

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

**Efni: Innritun nemenda sem sækja um á starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum á haustönn 2020.**

Innritun nemenda í 10. bekk á starfsbrautir í framhaldsskóla fer fram rafrænt á vefsvæði Menntagáttar ([www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is)). Innritunartímabilið stendur yfir 1. -29. febrúar 2020. Tímamörk almennrar innritunar sem auglýst eru á Menntagátt gilda þó fyrir þær umsóknir sem berast eftir lokadagsetningu tímabilsins. Þar sem nemendur í 10. bekk eru ólögráða er samþykki foreldra/forráðamanna áskilið við innritun í framhaldsskóla. Litið er svo á, að með því að upplýsa um fyrirkomulag innritunar sé tryggt að foreldrar/forráðamenn fylgist með innritun barna sinna. Umsækjendur/forráðamenn þurfa að hafa aðgang að nettengdri tölvu til að geta sótt um. Slíkt aðgengi stendur þeim til boða í grunnskólum og framhaldsskólum hafi þeir ekki tölvu heima fyrir.

**Veflykill**

Forráðamenn geta nálgast veflykla barna sinna með því að fara sjálfir inn í umsókn á eigin kennitölu og nota til þess **ÍSLYKIL** (sótt um á [island.is](http://island.is)) eða rafræn skilríki. Í umsókninni er að finna flipa með veflyklum barna undir 18 ára aldri sem hægt er að afrita og nota þegar farið er inn í umsókn á kennitölu nemandans. Einnig er hægt að nálgast veflykil með því að hafa samband við Menntamálastofnun með því að senda tölvupóst á [innritun@mms.is](mailto:innritun@mms.is) Nánari leiðbeiningar um umsóknarferlið er að finna í bréfi til nemenda.

**Umsóknarferli**

Á Menntagáttinni er að finna hlekkinn *Listi yfir skóla sem bjóða upp á starfsbrautir*. Nemendur sækja um skólavist í tveimur skólum, í fyrsta val setja þeir þann skóla sem þeir óska helst eftir og til vara skóla sem er þeirra annað val.

- Afgreiðsla umsókna hefst í mars 2020 og er stefnt að því að öllum umsóknum hafi verið svarað í lok apríl.
- Fáir nemandinn ekki skólavist í þeim skólum sem hann sótti um sér Menntamálastofnun um að útvega viðkomandi skólavist. Hægt er að fylgjast með stöðu umsóknarinnar með því að opna hana á Menntagáttinni með sama hætti og þegar sótt er um. Þá sést á forsíðu hennar hvaða skólar voru valdir og staða umsóknanna þar fyrir aftan.
- Framhaldsskólarnir senda bréf til foreldra/forráðamanna þeirra umsækjenda sem þeir veita skólavist, ásamt greiðsluseðli fyrir innritunargjöldum. Greiðslufrestur er tiltekinn á greiðsluseðlinum og ef gjaldið er ekki greitt á réttum tíma er litið svo á að umsækjandi ætli ekki að þiggja skólavist á haustönn 2020.
- Skólameistari hvers skóla ber ábyrgð á að afgreiðsla umsókna sé í samræmi við kröfur skólans og verklagsreglur. Menntamálastofnun hefur ekki afskipti af því hvernig einstakar umsóknir eru afgreiddar. Skólameistara ber að rökstyðja ákvörðun skóla ef

umsækjandi óskar eftir því. Heimilt er að kæra synjun umsóknar til mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki er unað við skýringu skólameistara.

- Vottorð eða sérstakar upplýsingar, t. d. um fötlun nemandans og þjónustubörf, þurfa foreldrar/forráðamenn að senda til viðkomandi skóla með pósti eða veita grunnskóla nemandans leyfi til að senda þau, **en þó ekki fyrr en staðfest námsvist liggur fyrir**. Athugið að forráðamenn bera ábyrgð á að viðeigandi upplýsingar berist þeim framhaldsskóla sem samþykkir umsókn nemandans.

### **Nánari upplýsingar**

Upplýsingar um innritun á starfsbrautir veitir undirrituð. Hægt er að hafa samband símleiðis í númerið 514 7500 eða senda póst á netfangið [innritun@mms.is](mailto:innritun@mms.is)

Bestu kveðjur,  
Svanhildur Steinarsdóttir  
sérfræðingur  
Menntamálastofnun